

AUGLÝSING

um óverulega breytingu á deiliskipulagi í Dalabyggð.

Sveitarstjórn Dalabyggðar samþykkti þann 16. janúar 2020 óverulega breytingu á deiliskipulagi fyrir Ólafsdal í Gilsfirði. Deiliskipulagsbreytingin felur í sér minniháttar breytingar á nokkrum byggingarreitum, þ.e. færslu reita eða stækkun, auk þess sem einum nýjum byggingarreit er bætt við skipulagið.

Ofangreind deiliskipulagsbreyting hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Búðardal, 23. júní 2020.

Þórður Már Sigfússon skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 9. júlí 2020